

288. fundur Skólanefndar FS

11. desember 2007



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Garðar Páll Vignisson, Páll Ingólfsson, Albert Albertsson, áheyrnarfulltrúarnir Íris Jónsdóttir og Guðmundur Viktorsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Húsnæðismál.
 2. Útskrift - Innritun á vorönn.
 3. Frumvarp til laga um framhaldsskóla.
 4. Önnur mál.

1. Húsnæðismál.

Skólameistari sagði frá því að búið er að senda hugmyndir um stækkun skólahúsnæðisins til sveitarfélaga á Suðurnesjum. Hjá SSS er verið að ræða framtíðarstefnu varðandi framhaldsskólamenntun á svæðinu. Almenn tætt um stöðu skólans, húsnæðismál og framtíðarstefnu. Skólanefndarmenn voru sammála um að halda áfram með hugmyndir um stækkun húsnæðis.

2. Útskrift - Innritun á vorönn.

Útskrift haustannar verður 20. desember en 62 nemendur útskrifast að þessu sinni. Alls hafa 938 sótt um skólavist á vorönn.


3. Frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Rætt um frumvarp til laga um framhaldsskóla. Frumvarpið verður rætt nánar þegar það hefur borist skólanum formlega til umsagnar.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi vinnu við stofnun fisktækniskóla í Grindavík og raungreinabúða sem verða m.a. fyrir erlenda nemendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari